

Húsavík, 29. janúar 2014

Umhverfisstofnun

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

B.t. Guðmundar B. Ingvarssonar

**Efni: Urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang í Laugardal Norðurþingi – Umsókn um starfsleyfi**

Sorpsamlag Þingeyinga ehf. Víðimóum 2, 640 Húsavík, kt. 711001-2470 bs. sækir um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn í Laugardal í Norðurþingi í samræmi við 13. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Auk þess fyrirhugar rekstraraðili að reka skipulagt geymslusvæði á hluta lóðar urðunarstaðarins og mun því sækja um starfsleyfi fyrir þeirri starfsemi til heildbrigðisnefndar, nema hún geti fallið undir leyfi Umhverfisstofnunar.

Urðunarstaðurinn í Laugardal hefur haft starfsleyfi með flokkunar- og böggunarstöðinni á Húsavík. Starfsleyfið gildi frá 18. desember 2002 til 18. desember 2012.

Sótt er um leyfi til að taka á móti allt að 500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári. Fyrirhugað er að nýta svæðið til urðunar og landmótunar a.m.k. fram til ársins 2030 og lengur ef pláss og aðstæður leyfa. Heildarmagn sem urðað yrði fram til ársins 2030 yrði um 8 – 9 þúsund tonn.

Sjá staðsetningu urðunarsvæðis norðan Húsavíkur á mynd 1.



**Mynd 1.** (a) Staðsetning urðunarsvæðis. (b) Úr aðalskipulagi Norðurþings 2010 – 2030.



Mynd 2. Uppdráttur af urðunarsvæði Laugardal Norðurþingi





Á uppdrætti hér sjást mörk urðunarsvæðis, með rauðri brotalínu, sem eru þau sömu á gildu aðalskipulagi og á deiliskipulagi. Svæði sem er skyggt með bleikrauðum línunum er urðunarsvæði I og það sem skyggt er með bláum línunum er urðunarsvæði II. Á hluta urðunarsvæðis II er fyrirhugað fyrir geymslu hluta, tækja o.fl. og er það svæði afmarkað með dökkblárrí línu. Svört brotalína sýnir girðingu.

### Upplýsingar um stöðu skipulagsmála

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Norðurlands 2010-2030 sem staðfest var 22. desember 2010. Þar er urðunarstaðurinn skilgreindur sem sorpförgunarstaður S1 þar sem að óvirkur úrgangur er urðaður og geymslusvæði fyrir brotajárn, dekk og úrgangstímur frá þjónustusvæði Sorpsamlags Þingeyinga. Umhverfis svæðið er land sem skilgreint er í aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 sem opið svæði til sérstakra nota.

Deiliskipulag fyrir svæðið var auglýst skv. 41. grein Skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt í Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands 5. nóvember 2013 og í Bæjarstjórn Norðurlands þann 19. nóvember 2013.

### Upplýsingar varðandi mat á umhverfisáhrifum

Tilkynning með fyrirspurn um matskyldu var send af Eflu hf. til Skipulagsstofnunar dags 2.10.2013, sbr. lið 11 b í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun leitaði umsagna hjá Norðurlandi, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands og Umhverfisstofnun. Ákvörðun kom frá Skipulagsstofnun 20. desember 2014 og er urðunarstaðurinn skv. henni ekki háður mati á umhverfisáhrifum.

### Lýsing á urðunarstað

Urðunarsvæðið í Laugardal er í landi Norðurlands, beint norður af Húsavíkurhöfða sbr. mynd 1. Jaðar svæðisins er í um 100 m fjarlægð í austur frá strönd Skjálfanda. Þjóðvegur nr. 85 út á Tjörnnes er svo rétt austan við svæðið. Staðsetning svæðis er talin mjög hagvæm m.t.t. t.d. losunar á jarðvegi o.fl. frá Húsavík og fyrir tímabundna geymslu efnis.

Svæðið er í aflíðandi brekku ofan strandarinnar og liggur í hæð á bilinu 20-40 m.y.s. Landslag svæðisins einkennist mest af náttúrulegum skorningum og slökkum en suðvestan við svæðið er Laugardalurinn. Svæðið er í heild sinni nokkuð gróið en er þegar nokkuð mikið raskað af fyrri urðun og annarri notkun. Vegna landslags er svæðið lítið áberandi frá þjóðveginum austanmegin hvort sem komið er akandi að sunnan eða norðan.

Svæðið sem afmarkað er fyrir urðunarstaðinn og geymslusvæði er 6,7 ha að stærð. Svæðið er afmarkað með rauðri brotalínu á mynd 2 hér að ofan. Svæðinu er skipt upp í tvo hluta þ.e.a.s. urðunarsvæði I og urðunarsvæði II. Hluti af urðunarsvæði II hefur verið gert að geymslusvæði (sjá svæði afmarkað með dökkblárrí línu innan urðunarsvæðis II).

Fyrirhugað er að úrgangurinn myndi hæð á lóðinni með hululagi sem verði hæst um miðbikið en þynnist svo út til hliðanna og renni saman við aðliggjandi landslag. Að lokum á urðunarsvæðið því að verða lítt áberandi í landinu.



Á mynd 1b úr aðalskipulagi sést að hluti svæðisins fellur undir náttúruvá eða sprungusvæði (strikað svæði sem gengur úr suðaustri í norðvestur), sjá nánar um áhrif þess hér að aftan.

### Áhrif á umhverfi

*Landslag.* Áhrif á landslag munu ekki verða mikil á rekstrartíma þar sem úrgangurinn er að stórum hluta jarðefni og annað sem fellur inn í ásýnd umhverfis. Áberandi úrgangur s.s. hvítt postulín verður hulið. Hæð úrgangs í fyllingu verður ekki hærrí en margar aðrar hæðir og klapparholt í nágrenni urðunarsvæðis. Gengið verður frá úrganginum sem berst jafnóðum með útjöfnun og landmótun. Eftir lokun urðunarstaðarins hefur mótuð hæð myndast í landinu sem falla mun vel inn í allt nánasta umhverfi. Hæðin verður ræktuð upp með völdum gróðri. Neikvæð áhrif eru því óveruleg.

*Fugla- og annað dýralíf.* Svæðið er lítið og gnótt er af sambærilegum svæðum í nágrenninu. Ekki er vitað til að sjaldgæfir fuglar haldi til á svæðinu. Áhrif á dýr eru óveruleg og tímabundin.

*Gróður.* Ekki er vitað um neinar sjaldgæfar plöntur á svæðinu. Helsti gróður á landinu er lyngmói, grasblettir og Alaskalúpína. Röskun hefur því þegar átt sér stað á stærsta hluta svæðisins með ræktun. Eftir lokun verður svæðið ræktað upp m.t.t. plantna sem finnst í nágrenninu. Áhrif á gróður eru óveruleg.

*Fornminjar.* Engar þekktar minjar eru innan svæðisins skv. aðalskipulagi Norðurþings. Verði vart við hugsanlegar fornminjar við gróft á urðunarsvæðinu verður verk stöðvað og Minjastofnun Íslands strax tilkynnt um þær skv. 24. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012. Áhrif á fornminjar eru engin.

*Loft.* Sá úrgangur sem að urða á á svæðinu er ólífrænn og óvirkur og því stafar ekki af honum lyktarmengun eða gaslosun. Tekið verður tillit til veðurfars þ.e. vinds við losun farma með þurrum fínefnum til að forðast að ryk berist út í umhverfið. Áhrif á loft eru óveruleg.

*Vatn.* Jarðfræði svæðisins einkennist af þunnu lagi af lausra jarðefna (möl sandur o.fl.) og berggrunni þar undir sem að líkindum er sprunginn. Úrgangurinn sem urðaður verður á svæðinu er óvirkur, því skolast frá honum hverfandi lítið magn af efnum sem mengað getur grunnvatn eða yfirborðsvatn. Ríki vafi um það hvort úrgangur sem urða á innan svæðisins sé óvirkur verður útskolunarpróf, eins og tilgreind eru í reglugerð um urðun, látið ráða þar um. Urðunarstaðurinn stendur rétt ofan við strönd að opnu úthafi og rennur grunnvatn yfir leitt frá hærra landi í átt til strandarinnar. Ef einhverra áhrifa gætti af mengun frá urðun í grunnvatni bærisk hún þá leið og þynntist út neðansjávar. Engin nýting er á grunnvatni neðan urðunarsvæðis. Sprungusvæðið í berggrunninum sem fer um hluta lóðarinnar eykur leiðni vatns en þar sem lítið mun berast af mengunarefnum frá óvirkum úrgangi sem urða á á þetta ekki að auka mengunarhættuhættu að neinu marki. Ársúrkoma á svæði er jafnan lítil eða rúmir 800 mm á ári að meðaltali. Áhrif á grunn- og yfirborðsvatn eru talin verða óveruleg.

Meðan sorpbrennslustöðin á Húsavík var starfrækt var botnaska urðuð á svæðinu. Hefjist brennsla á nýjan leik á Húsavík verður botnaska ekki urðuð á svæðinu fyrr en að undangengnum útskolunarprófunum.

*Samfélag.* Fjárhagslegur og umhverfislegur ávinningur er fólgin í því að aðstaða sé til förgunar á óvirkum úrgangi í námunda við Húsavík. Sá ávinningur fellst í því að þurfa ekki að aka með óvirkan úrgang sem til fellur á svæðinu langa leið til förgunar. Áhrif á samfélag og umhverfi eru að þessu leyti jákvæð.



## Rekstur, vöktun og innra eftirlit

Urðunarsvæðið í Laugardal verður afgirt og með læstu hliði og verður það einungis aðgengilegt þeim sem hafa til þess leyfi. Losun úrgangs og reglubundnum frágangi verður hagað þannig að neikvæð áhrif stafi ekki af vinnu og verður ákvæðum starfsleyfis og reglugerðar um urðun fylgt í hvítvetna. Vöktun urðunarstaðar veður skv. starfsleyfi og sinnt af tilgreindum starfsmanni rekstraraðila. Vöktun felur m.a. í sér skoðun á einstökum förmum sem til urðunar berast. Rekstraraðili mun setja upp innra eftirlit fyrir urðunarstaðinn í samræmi við ákvæði starfsleyfis sem m.a. felur í sér skráningar á uppruna, gerðum og magni úrgangs sem berst á urðunarstaðinn.

## Tryggingar

Rekstraraðili þarf ekki að skila inn til Umhverfisstofnunar starfsleyfistryggingu sbr. 17. gr. í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs þar sem eingöngu er um að ræða urðun á óvirkum úrgangi.

## Lokun urðunarstaðar

Frágangur á urðunarsvæði fer að hluta til fram á rekstrartímanum þ.e. reynt verður eftir megni að landmóta urðunarstaðinn þannig að hann falli vel að nánasta umhverfi. Að jafnaði verður sett um 1 meters þykk hula af völdum jarðvegi yfir allan úrgang þegar lokahæð er náð. Við val jarðvegs verður hugað að ræktunarmöguleikum og veitingu ofanvatns frá urðunarsvæðinu. Öll ummerki utan urðunarsvæðis verða fjarlægð, s.s. slóðar, girðingar ofl. og verður svæðið hreinsað. Við lokun urðunarstaðarins verður endanleg landmótun gerð í samráði við skipulagráðgjafa sveitarfélagsins og aðra viðkomandi og verður þá einnig unnin nánari lokunaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun. Kostnaður við lokun fellst í hönnun, umsjón, eftirliti og frágangi yfirborðs og fjarlægingu mannvirkja og verður kostnaður greiddur af Norðurþingi. Kostnaður við lokun er áætlaður 2.000.000 kr

## Viðbragðsáætlun og ábyrgðartrygging vegna mögulegs bráðamengunartjóns

Verið er að vinna viðbragðsáætlun vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. lög 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og strandar og verður henni skilað til Umhverfisstofnunar um leið og hún liggur fyrir. Rekstraraðilli hefur nú þegar ábyrgðartryggingu hjá Sjóvá vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. lög 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og strandar og fylgir afrit með umsókninni, Frjáls ábyrgðartrygging, skíteini nr 1962775, váttryggingarfjárhæð kr. 260.000.000. Váttryggingin gildir hvar sem er innan mengunarlögsögu Íslands.

## Undanþágubeiðnir

Vísað er til 25. gr. rg. 738/2003 um urðun úrgangs lið c, um að ákvæði 20 gr. gildi ekki fyrir óvirkan úrgang ákveði Umhverfisstofnun svo. Það er því ósk umsækjanda að ákvæði í I viðauka reglugerðarinnar gildi ekki fyrir urðunarstaðinn í Laugardal. Til stuðnings er vísað til þess að sem að framan hefur verið greint frá um reksturinn og þess að um mjög lítinn urðunarstað er að ræða.



## Samantekt

Sorpsamlag Þingeyinga ehf. sækir um starfsleyfi fyrir urðun 500 tonna af óvirkum úrgangi á ári í og við eldra urðunarsvæði í Laugardal Norðurþingi auk geymslusvæðis fyrir sveitarfélagið. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag er gerð deiliskipulags lokið. Urðunarstaðurinn verður rekinn a.m.k fram til ársins 2030, eða eins og pláss og aðstæður leyfa og yrði urðað heildarmagn fram til ársins 2030 um 8–9 þúsund tonn. Svæðið sem afmarkað er til urðunar er um 6,7 ha að stærð. Þar sem að eingöngu er um að ræða móttöku á tiltölulega litlu magni af óvirkum úrgangi og aðstæður á urðunarsvæði og næsta nágrenni eru góðar er talið að urðunin hafi óveruleg umhverfisáhrif á landslag, dýr, gróður, loft og vatn og engin áhrif á fornminjar. Á rekstartíma verður svæðið afgirt og lokað nema leyfishöfum og undir eftirliti og vöktun eins og starfsleyfi og reglugerðir gera kröfu um. Urðunarstaðurinn mun hafa áætlun um mögulega bráðamengun og hafa allar lögboðnar tryggingar. Við lokun urðunarstaðarins verður unnið skv. sérstakri lokunaráætlun sem gerð verður í samvinnu við Umhverfisstofnun og mun hún tilgreina alla nauðsynlega þætti um frágang, s.s. landmótun, fjarlægingu mannvirkja, hreinsun, vöktun o.fl.

Hafsteinn H. Gunnarsson, Sorpsamlag Þingeyinga ehf.

**Frjáls ábyrgðartrygging skírteini nr. 1962775**

Vátryggingartímabil: 01.04.2013 - 01.04.2014-

Vátryggð starfsemi: Ábyrgð v/bráðamengunar Vátryggingarfjárhæð: 260.000.000 kr

Eigin áhætta vegna ábyrgðartjóns 15%, lágmark 86.500 kr, hámark 865.000 kr.

Forsendur iðgjalds:

Z999 Ábyrgð V/ bráðamengunar skv. reglugerð  
1078/

Sérsaminn skilmáli:

Sérskilmáli vegna bráðamengunartjóna skv. 16. gr. laga nr. 33/2004:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skilmála tekur vátryggingin til bótaskylds bráðamengunartjóns samkvæmt 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 1078/200 þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi vátryggðs eða starfsmanns hans, enda sé um að ræða mengun hafs eða stranda sem krefst tafarlausra aðgerða. Vátryggingin tekur jafnframt til kostnaðar af ráðstöfunum til að takmarka slíkt tjón eða skaða.

Vátryggingin gildir hvar sem er innan mengunarlögsögu Íslands.

Ábyrgð félagsins hvort sem er vegna hvers einstaks tjónsatburðar eða samtals á vátryggingarárinu takmarkast við 1.000.000,- SDR þrátt fyrir að annarar fjárhæðar sé getið á vátryggingarskírteini.

Af hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu eins og getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun. Vátrygging skv. sérskilmála þessum tekur ekki til bótaábyrgðar sem er víðtækari en eftir þeir reglum sem gilda skv. lögum nr. 33/2004.

Enda þótt vátryggingin sé fallin úr gildi, ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola (þriðja manni) á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika, sem verða þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti vátryggðum og Umhverfisstofnun að vátryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið tekin fyrir þennan frest. Í slíkum tilvikum á félagið ætíð endurkröfurétt á hendur vátryggðum, hafi félagið greitt bætur eftir að vátrygging hefur fallið niður.

Hafi félagið greitt bætur vegna bótaskylds bráðamengunartjóns á það endurkröfurétt á hendur vátryggðum eða hverjum þeim, sem valdið hefur tjóni með háttsemi, sem telst stórfellt gáleysi eða ásetningur, sbr. 4. gr. reglugerðar sem sett er skv. lögum nr. 33/2004.

Varúðarregla:

Vátryggður skal gera ráðstafanir í starfsemi sinni til þess að tryggja öryggi efna sem valdið geta mengun eða bráðamengun, þar á meðal fylgja kröfum laga og reglugerða á því sviði sem starfsemi hans er.

Þrátt fyrir áritun á vátryggingarskírteini er eigin áhætta vátryggð kr. 500.000 í hverju tjóni.

Ársiðgjald	120.000 kr
<b>Samtals á ári</b>	<b><u>120.000 kr</u></b>